

Fundur í umhverfisnefnd Höfðaskóla miðvikudaginn 19. febrúar 2020 kl. 14:00

Mættir: Elísa Bríet, Kristinn Rúnar, Erna Berglind, Fjóla Dögg, Klara Ósk, Sigurður Heiðarr, Sara Diljá

Fundarritari: Guðrún Elsa Helgadóttir

1. Yfirferð yfir það sem búið er að gera.
 - a. óska eftir fræðslu frá Terra
 - b. slökkva ljós miðar komnir upp
 - c. yngsta stig fuglahús úr mjólkurfernum, ráðgert að leikskólahópur geri líka þannig
2. Terra fræðsla - væntanleg í kringum mánaðarmót.
 - a. Hvað getum við gert meira til að tengjast og vinna með öðrum í nærsamfélaginu?
 - i. Ýmislegt í bígerð.
3. Halda þarf viðburð í skólanum þar sem foreldrar og nærsamfélag taka virkan þátt.
 - a. Hvað getum við gert?
 - i. týna rusl, bjóða öllum með - leikskóli og bæjarbúar
 - ii. fatadagur (fatamarkaður) í staðin fyrir að setja föt í Rauðakrossinn þá gæti fólk komið og verið með þau í skólanum, fólk komið -skoðað og tekið það sem þeim lýst vel á.
 - iii. föt sem skilin eru eftir í skólanum sett á borð og eigendur beðnir að sækja, ef fötin virðast ekki eiga eiganda þá fara þau á markaðinn,
 - b. Búið að halda t.d. afmæli skólans, var eitthvað grænfánalegt gert þar?
 - i. mikið til sýnis af gömlum námsgögnum
 - ii. hristur og fánar sem notað var í skróðgöngu var búið til úr endurunnu
4. Umhverfissáttmáli, er kominn á heimasíðu. Nemendur þurfa að kynna hann fyrir samnemendum sínum.
 - a. Hvernig gerum við sáttmálann meira sýnilegan?
 - i. hengja sáttmálann upp í búð, sjoppu og hrepp
5. Kynning á verkefni og fá að sýna í búðinni. Gera veggspjald um vinnuna kringum fuglahúsin og setja myndir af þeim og fá að hengja upp.

Fleira ekki rætt